

70. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2013, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9-11.

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir, Árný Þórólfsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir gerðar.
- 2. Greining útgáfuárs skv. mismunandi tímatali.** Hildur Gunnlaugsdóttir bar upp erindi vegna fyrirspurnar sem hún fékk varðandi ártalsskráningu á tælenskum bókum. Úr fyrirspurninni: „Hvernig er réttast að skrá í 008 og 260 c, gagnvart íslenskum reglum og hefð? Í sumum tilvikum eru gefin bæði ártölin, en í flestum þá er einungis taílenskt ártal. Búið er að líma miða með bókfræðilegum upplýsingum inni bækurnar, þar sem bæði ártölin koma fram, t.d. 2538 [1995].“ Skráningarráð er beðið um að taka afstöðu til þess hvernig á að meðhöndla útgáfuár samkvæmt taílensku tímatali / íslömsku tímatali og fleiri tímatölum sem ekki falla að gregoríska tímatalinu sem víðast er notað í okkar heimshluta.
Hildur benti á að samkvæmt skráningarreglum eiga bæði ártölin að koma fram í 260 c, þ.e. 2538 [1995]. Hins vegar á vestræna ártalið betur heima í 008 til þess að röðun eftir útgáfuári verði marktæk / rökrétt fyrir notendur. Þegar færsla er vistuð samræmir kerfið 008/260 og fyrir notendur Gagnis er árið 2538 illskiljanlegt. Þess vegna er æskilegra að setja 1995 í 008 þannig að ritin raðist með vestrænum hætti.
Hildur beindi þeirri spurningu til skráningarráðs hvort að það sé raunhæft / hyggilegt að láta kerfið hætta að samræma svið 008/260 ef það er framkvæmanlegt?
Skráningarráð var sammála um að slæmt væri að hætta að samræma þessi svið og missa þannig öryggið sem felst í uppfærslunni á milli þeirra.
Hildur stakk upp á lausn sem skráningarráð samþykkti. Hún tekur mið af því hvernig Gagnis-kerfið vinnur en er ekki í samræmi við ströngustu skráningarreglur. Vestræna ártalið er sett í 008 og 260 c. Það er sett í hornklofa ef það er umreiknað (þ.e. ef einungis ártal sem er ekki í vestræna tímatalinu er á ritinu) og gerð er stöðluð athugasemd í svið 500 um útgáfuárið (dæmi: Útgáfuár á riti 2538 samkvæmt taílensku tímatali).
- 3. Ritraðir 810 og 830, númer binda.** Hildur bar upp tillögu um svið 8XX – ritraðir - að heimilt verða að sleppa \$v (númeri bindis innan ritraðar). Rök: *Smám saman er unnið að því að samræma skráningu á lifandi ritröðum (490/8XX). Veruleg einföldun á því verki felst í að sleppa því að greina númer bindis innan ritraðar í 8XX. Í einni keyrslu er hægt á vélvirkan hátt að breyta sviði 440 #0 í 490 1# í færslupakka. Um leið er hægt að bæta inn í færslurnar sviði 830 #0 með sama stafastreng. Ef númerið á að halda sér í 830 \$v þarf að bæta því inn handvirkt.* Skráningarráð samþykkti tillöguna. Númer bindis í ritröð mun eftir sem áður sjást í sviði 490. Landskerfi bókasafna mun í vor indexa 440 sviðið þannig að \$v verði leitarbært í því eins og í 490 sviðinu, þ.e. í WRD, WTI og WOR leitum.

4. **Fræðslufundur 15. mars.** Í námskeiðsáætlun Landskerfis er auglýstur Samráðsfundur um efnisorð þann 15. mars kl. 1-3 í Þjóðarbókhlöðu. Af honum getur ekki orðið þar sem Ragna Steinarsdóttir er í námsleyfi. Hildur stakk upp á því að Telma í Landskerfi bókasafna yrði beðin um að hafa námskeið í Leitir.is fyrir skrásetjara. Tillagan samþykkt og Þóra mun tala við Telmu. Námskeiðstíminn verður nýttur ef Telma er viðlátin en annars ekki.
5. **Sérstafir.** Þóra ræddi skráningu erlendra sérstafa í Gegni. Skráning þeirra hefur verið með ýmsu móti, sumir skrásetjarar nota þá, aðrir ekki. Þeir eru yfirleitt í innfluttum færslum. Þeir birtast feitletraðir í starfsmannaaðgangi en ekki á gegnir.is og leitir.is. Þeir virðast ekki hafa áhrif á röðun nema á leitir.is. Tveir fundir hafa verið haldnir um efnið. Á fyrri fundinum var fengin sú niðurstaða að rétt væri að nota sérstafina en síðan hefur reynslan leitt í ljós að þeir valda stundum erfiðleikum í leit. Á síðari fundinum sem var haldinn í Borgarbókasafni 5. febrúar voru fundarmenn sammála um að erfitt væri að setja reglur um notkun sérstafa og hvorki hægt að skylda skrásetjara til að nota þá eða ekki. Samþykkt var að beina því til skrásetjara að ganga úr skugga um að færslur þeirra finnist örugglega í starfsmannaaðgangi, á gegnir.is og leitir.is að skráningu lokinni. Skráningarráð staðfesti þessa samþykkt.
6. **Önnur mál.** Hrafn Malmquist sem hefur umsjón með Rafhlöðunni, rafrænu varðveislusafni Lbs-Hbs, hafði samband við Sigrúnu Hauksdóttur en hann hefur áhyggjur af því að það efni sem búið er að vinna inn á vefinn landbunadur.is glatist. Um er að ræða skönnuð tímarit, ýmsar greinar og greinasöfn um landbúnað. Sumt ætti erindi inn á Timarit.is, annað á Gegni. Rósa vann við þennan vef á sínum tíma og samþykkt var að hún yrði í sambandi við Hrafn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.